



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

Skólaárið 2022-2023



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Lýsing á starfsemi	1
3	Nemendur	1
3.1	Nýnemar	2
3.1.1	Grunnskólaeinkunnir	4
3.1.2	Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði	5
3.1.3	Lífsleikni nýnema	6
3.2	Útskriftarnemar	7
3.3	Námstími nemenda	7
3.4	Námsbrautir	9
3.4.1	Kjörgreinar á opinni braut	10
3.4.2	IB-braut	10
3.4.3	Fjölnámsbraut MH	11
3.4.4	Listmenntabraut	12
3.5	Loknar einingar	12
3.5.1	Stöðupróf	13
3.5.2	Fjarnám í öðrum skólum	14
3.6	Listdansskólarnir	15
3.7	Skólasóknarreglur	16
3.8	Áfangaframboð	16
3.8.1	Úrsagnir nemenda úr áföngum	17
3.8.2	Íslenska sem annað tungumál	17
3.8.3	Nýr áfangi í umhverfisfræðum	17
3.8.4	Táknmálskennsla	17
4	Innviðir og þjónusta	18
4.1	Starfsfólk	18
4.1.1	Starfsánægja í MH	19
4.2	Kennslukannanir	19
4.3	Könnun á stoðþjónustu	20
4.4	Fjármál	20
4.5	Ytri úttekt	21
4.6	Náms- og starfsráðgjöf MH	21

4.7	Námsverið	22
4.8	Sálfræðingur	24
4.9	Hjúkrunarfræðingur	24
4.10	Bókasafnið	24
4.11	Tölvu- og tæknimál	25
4.12	Kynningarmál	25
4.12.1	Samfélagsmiðlar	26
4.13	Umhverfismál	26
4.14	Græn skref	26
4.15	Jafnréttismál	27
4.15.1	Jafnréttisnefnd	27
4.15.2	Jafnréttisstuðlar	28
4.15.3	Jafnlaunavottun	29
4.16	Skjalamál	29
4.17	Persónuvernd í MH	29
5	Samantekt og umbætur	30
5.1	Verkefni skólaársins 2022-2023	30
5.2	Verkefni skólaársins 2023-2024	31
5.3	Aðgerðaáætlun til næstu ára.	32

1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn hefur starfað sem áfangaskóli frá 1972 og var fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem tóku upp áfangakerfi. Við skólann starfa u.þ.b. 120 starfsmenn og nemendur eru rúmlega 1000.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsfólks, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur skólans, kennari í námsveri, forstöðumaður bókasafnsins, skjalastjóri og annað starfsfólk. Yfirumsjón með sjálfsmati hefur konrektor.

2 Lýsing á starfsemi

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*. Hlutverk skólans er, samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis.


Hefðbundnu bóknámsbrautirnar hafa verið 5 talsins, þ.e. opin braut, náttúrufræðibraut, félagsfræðabraut, málabraut og listdansbraut en nám á henni er skipulagt og kennt í samstarfi við þrjá listdansskóla í Reykjavík. MH býður einnig upp á nám til alþjóðlegs stúdentsprófs á IB-braut, skv. námskrá samtakanna *International Baccalaureate Organisation* sem skólinn á aðild að ásamt um 5000 öðrum skólum í yfir 140 löndum. Auk stúdentsprófsbrautanna er starfrækt fjölnámsbraut en nemendur hennar útskrifast með framhaldsskólapróf eftir fjögurra ára nám. Nemendur á stúdentsbraut í Menntaskólanum í tónlist, MÍT, geta sótt bóklegt nám í MH en MÍT er einnig í samstarfi við aðra framhaldsskóla um bóklegt nám. Vorið 2023 var lokið við að hanna nýja braut, listmenntabraut, þar sem lögð er áhersla á annars vegar leiklist og hins vegar myndlist. Innritað verður á hana í fyrsta skipti haustið 2023. Einingafjöldi á flestum brautum skólans er 205 einingar. Nánari upplýsingar um skipulag brautanna má finna á [vef skólans](#).

Nemendur dreifast misjafnt á brautir. Fjölmennasta námsbrautin er opin braut með rúmlega 500 nemendur og náttúrufræðibraut fylgir á eftir með tæplega 160 nemendur. Vinsældir opnu brautarinnar má e.t.v. rekja til þess að á henni velja nemendur sér sjálfir kjörgreinar. Þeir hafa frelsi til að hanna brautina eftir sínu áhugsviði, innan ákveðins ramma, sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám.


3 Nemendur

Um miðjan september 2022 var nemendafjöldi í MH 1041. Þar af voru 248 nýnemar og 48 innritaðir. Nemendur með stöðuna „innritaður“ eru eldri nýnemar sem koma úr öðrum skólum en ekki beint úr grunnskóla. Í byrjun febrúar 2023 var nemendafjöldinn 918 og þar af voru 30 innritaðir.

Nemendum í MH hefur fækkað jafnt og þétt og er spurning hvernig við getum brugðist við því. Vorið 2023 var ákveðið að stofna nýja braut við skólann, listmenntabraut, til að skoða hvort það yrði til að auka aðsókn að skólanum. Einnig var farið í mikla herferð á samfélagsmiðlum til að gera skólann sýnilegri fyrir nemendur sem eru að velja sér framhaldsskóla.




Mynd 1 Vinnumat kennara miðast við nemendafjölda 3 vikum eftir að kennsla hefst.




Mynd 2 Nýnenum á vorönn hefur fækkað undanfarin ár.

3.1 Nýnemar


Haustið 2022 hófu 298 nýnemar nám við MH. Þetta voru 248 nýnemar beint úr grunnskóla og 50 eldri nýnemar úr öðrum skólum. Inni í þessum tölum eru 20 nemendur sem hófu nám á stúdentsbraut í MÍT haustið 2022 en ekki nemendur sem koma í skólann vegna sænsku eða norsku en þeir geta verið um 60 til 70 talsins.



Mynd 3 Nýnemar í MH eru nemendur sem koma beint úr 10. bekk og innritaðir eru nemendur sem koma úr öðrum framhaldsskólum.



Mynd 4 Aðsókn nýnema í MH hefur farið minnkandi og þurfum við að vera meðvituð um að gera okkur sýnilegri og eftirsóknarverðari. Nýrri námsbraut verður bætt við haustið 2023.




Mynd 5 Vinsældir brautanna eru misjafnar og spurning hvað framtíðin ber í skauti sér. Haustið 2023 innritum við nemendur inn á listmenntabraut í fyrsta skipti og verður gaman að fylgjast með hvernig aðsóknin verður að henni.

Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja hvaða námsgreinar þeir vilja leggja áherslu á. Þeir velja sér 3 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein umfram skylduáfangi, 20 í annarri og 15 í þeirri þriðju. Samsetning kjörgreina er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann að lágmarki 7 áfanga í stærðfræði sem eru 35 einingar. Ef nemandi velur íslensku sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann að lágmarki 10 áfanga, sem eru samtals 50 einingar í íslensku.


3.1.1 Grunnskólaeinkunnir

Nemendur sem sækja um skólavist eru flestir með góðar einkunnir og er oft mikil samkeppni meðal þeirra að komast inn.



Mynd 6 Einkunnin Annað er gefin þeim sem eru með * eða undanþágur sem oftast á við IB-nemendur eða nemendur sem eru að flytja til landsins og skiluðu ekki inn einkunnum.

Langflestir nemendur sem innritast í skólann eru með A, B+ eða B í stærðfræði (samtals 66%) og íslensku (samtals 71%) úr grunnskóla. Fleiri nemendur innritast með A í stærðfræði en í íslensku en hins vegar eru fleiri nemendur með B í íslensku en í stærðfræði. Þeir nemendur sem koma inn með C og C+ í stærðfræði eru settir í fornámsáfangu í stærðfræði. Mjög fáir nemendur innritast með C í íslensku og eru það yfirleitt nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál.




Mynd 7 Nýnemar eru með hærra einkunn í ensku en dönsku.

Fleiri nemendur koma inn með A, B+ og B í ensku en dönsku sem gefur kannski vísbendingu um málumhverfið sem nemendur alast upp í. Það er mjög algengt að nemendur séu með undanþágu í dönsku þar sem þeir hafa aldrei lært tungumálið í grunnskóla, þ.e. eru af erlendum uppruna. Haustið 2023 verður í fyrsta skipti kenndur undirbúningsáfangi í dönsku til að koma til móts við nemendur með C+ í dönsku og eftir atvikum C.


3.1.2 Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði

Nemendur sem koma inn í skólann með A eða B+ í ensku, stærðfræði eða íslensku á grunnskólaprófi geta tekið tvöfalda hraðferð í þeim greinum. Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni tveggja fyrstu áfanga fagsins er kennt í einum áfanga, svokölluðum AB-áfanga. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem þeir hafi mjög góðan undirbúning og minna þurfi að rifja upp með þeim. Boðið hefur verið upp á AB-áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku.



Mynd 8 Haustið 2022 voru meðaleinkunnir í ensku og stærðfræði þær sömu en íslenskan var mun lægri. Í íslensku og stærðfræði eru einungis nýnemar en einn og enn eldri nemandi gæti verið í enskuáfanganum.

Ef við skoðum meðaleinkunn í fyrstu áföngum í þessum greinum haustið 2022, þ.e. ekki í hraðferðaráföngum, þá er hún 5,6 bæði í íslensku og stærðfræði en 7,4 í ensku.



Mynd 9 Inn í þessum tölum eru allir sem ljúka áföngunum, bæði nýnemar og eldri nemendur, óháð því hvað þeir hafa tekið áfangann oft.


3.1.3 Lífsleikni nýnema

Nýnemar á hverju hausti fara í lífsleikniáfangi og næstu þrjár annir á eftir gerist kennarinn sem kenndi þeim lífsleikni umsjónarkennari þeirra. Umsjónarkennarinn fylgist með námsframvindu, veitir upplýsingar og er nemendum til aðstoðar á meðan á námi stendur. Umsjónarkennarinn getur kallað nemandann til sín í viðtal þegar þörf er á og einnig er nemendum gert kleift að hitta hann í sérstökum val tíma áður en eiginlegt val áfangi fyrir næstu önn hefst. Haustið 2023 gerum við breytingar á lífsleikni og höfum áfangann tvískiptan. Hann verður tveggja eininga áfangi á haustönn og einnar einingar áfangi á vorönn. Markmiðið er að gera samveru þessa hóps sýnilegri á vorönn og um leið að auka samskipti hópsins við lífsleiknikennarann sinn. Kynningum á sal skólans verður fjölgað og koma þær í stað stuttra kynninga inni í hverjum lífsleiknitíma fyrir sig.

Á hverju hausti er kynning fyrir foreldra/forsjáraðila nemenda sem eru í lífsleikni, þar sem stoðþjónustan er kynnt og lífsleiknikennarar útskýra hvernig nám í MH er skipulagt og hvað ber helst að hafa í huga. Haustið 2022 var svona kynning haldin með venjulegu sniði í fyrsta skipti í tvö ár og var gaman að fá loksins að taka á móti foreldrum og forsjáraðilum í húsi.

3.2 Útskriftarnemar


Útskrifaðir nemendur á skólaárinu 2022-2023 voru alls 233. Haustið 2022 útskrifuðust 78 nemendur og 155 í maí 2023.



Mynd 10 Fjöldi nemenda sem útskrifast að vori eða hausti er breytilegur. Á vorin eru fjölnámsbrautarnemendur inni í tölunum.


3.3 Námstími nemenda

Fjöldi eininga til stúdentsprófs er 205 á flestum brautum. Eitt af markmiðum skólans er að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi á þremur árum. Þegar námstími nemenda er skoðaður kemur í ljós að 63% nýstúdenta vorsins 2023 luku námi sínu í MH á 3 árum eða minna. Þessi tala er komin upp í 92% ef skoðaður er námstíminn 4 ár eða minna.




Mynd 11 Þótt það sé markmið að fjölga þeim sem ljúka stúdentsprófi á 3 árum þá velja sumir nemendur að vera lengur til að undirbúa sig betur undir framhaldsnám.

Þau sem útskrifuðust haustið 2022 og vorið 2023 eru flest fædd á árunum 2003 og 2004. Níu nemendur í útskriftarhópnum eru fæddir 2005 og byrjuðu í framhaldsskóla ári á undan jafnöldrum sínum.




Mynd 12 Í MH er vel stutt við bakið á eldri nemendum sem vilja klára námið og þá verða til aldursforsetar.

Vorið 2023 útskrifaðist dúx skólans með 10 í meðaleinkunn og er það í fyrsta skipti sem það gerist í MH. Í byrjun júní var skrifuð grein í [Morgunblaðið](#) um háar meðaleinkunnir þeirra sem skara fram úr á stúdentsprófi og voru gögn í þá grein fengin frá framhaldsskólum landsins.



Mynd 13 Hér má sjá vegna meðaleinkunn stúdenta sem útskrifast með hæstu einkunn á stúdentsprófi frá MH frá árinu 2002 til ársins 2023.


Nemendur skólans tala um að eitt af skemmtilegu einkennum áfangakerfis sé að vera í kennslustundum með nemendum sem eru á mismunandi stað í náminu og á mismunandi aldri og það gefi ákveðna breidd í upplifunina í kennslustundunum.



Mynd 14 Aldursdreifing nemenda í MH á vorönn 2023 er frá 15 ára til 22 ára. Flestir eru 17 til 18 ára eða tæplega 60% nemenda.

3.4 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á fimm brautum til stúdentsprófs auk IB-brautar, náms sem tengist MÍT og fjölnámsbrautar. Nemendur þurfa að ljúka 205 einingum til stúdentsprófs nema á listdansbraut þar sem einingarnar eru 215. Flestir nemendur haustannar 2022 stunda nám á opinni braut (51%) og náttúrufræðibraut (18%). Nemendum hefur fækkað jafnt og þétt á mála- og félagsfræðabraut en fjölgað á opinni braut þar sem hægt er að velja sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem ætlunin er að leggja stund á í framtíðinni.



Mynd 15 Opna brautin krefst mikillar eftirfylgni og ráðgjafar. Haustið 2023 verður innritað á listmenntabraut og er líklegt að hún taki nemendur frá opnu brautinni.

Innihald námsbrauta var rætt á starfsdögum þessa skólaárs. Samfélagið gerir kröfu um að ýmislegt sé gert að skyldu eins og kynjafræði, umhverfisfræði og fjármálalæsi og skólinn þarf að gæta þess að

námið sé ávallt í takti við tímann. Umræðunni um þetta efni er ekki lokið og verður framhaldið á næsta skólaári.

3.4.1 Kjörgreinar á opinni braut

Nemendur velja sér þrjár kjörgreinar á opinni braut, eins og áður hefur komið fram, og tvær fyrstu eru tilgreindar á stúdentsprófsskírteini þeirra. Einingar kjörgreina bætast við einingar greinarinnar sem eru í kjarna. Velji nemandi t.d. ensku sem fyrstu kjörgrein bætast fimm áfangar við þá þrjá sem eru í kjarna. Sá nemandi lýkur því átta áföngum í ensku, samtals 40 einingum, og það hlýtur að teljast töluverð sérhæfing.

Það er oftast ekki fyrr en á síðustu önn að val stúdentsefna á kjörgreinum verður endanlegt. Sálfræði er langvinsælasta fyrsta kjörgreinin enda margir valáfangar í boði og allir áfangar sem nemendur taka í sálfræði geta talist sem kjörgrein. Enska er einnig mjög vinsæl en þar bætast kjörgreinaeiningarnar ofan á 3 áfanga í kjarna eins og lýst er hér fyrir framan.

Kjörgrein 1 haust 2022		Kjörgrein 2 haust 2022		Kjörgrein 1 vor 2023		Kjörgrein 2 vor 2023	
sálfræði	16	enska	14	sálfræði	20	enska	14
saga	11	saga	7	enska	13	stærðfræði	12
enska	9	stærðfræði	7	saga	12	félagsfræði	9
líffræði	5	myndlist	5	myndlist	7	saga	7
íslenska	2	leiklist	4	íslenska	5	sálfræði	7
myndlist	2	danska	3	líffræði	5	japanska	6
spænska	2	jarðfræði	3	stærðfræði	5	myndlist	6
stærðfræði	2	sálfræði	3	leiklist	4	leiklist	3
eðlisfræði	1	félagsfræði	2	félagsfræði	2	líffræði	3
félagsfræði	1	líffræði	2	efnafræði	1	efnafræði	2
jarðfræði	1	íslenska	1	norska	1	íslenska	2
leiklist	1	þýska	1	spænska	1	þjóðhagfræði	2
		rússneska	1	þjóðhagfræði	1	danska	1
						spænska	1
						tölvufræði	1
						þýska	1

Mynd 16 Ef sálfræði er fyrsta kjörgrein þá ljúka nemendur að lágmarki 5 áföngum í faginu en ef enska er fyrsta kjörgrein þá eru það að lágmarki 8 áfangar.

3.4.2 IB-braut

Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur boðið upp á IB-nám síðan 1997. Skólinn þurfti að fara gegnum strangt umsóknarferli IB-samtakanna (IBO) og uppfylla ýmis skilyrði til að geta boðið upp á IB-nám. IB-námið er í raun tvískipt. Annars vegar er eins árs undirbúningur, Pre-IB, og hins vegar tveggja ára námsbraut, IB-Diploma. Henni lýkur með IB-Diploma sem er ígildi stúdentsprófs. Útskriftarefni þreyta samræmd skrifleg lokapróf í maí á sama tíma og þúsundir annarra IB-nemenda úti um allan heim. Nemendurnir taka þátt í útskriftarathöfn MH en það kemur ekki í ljós fyrr en í júlí ár hvert hvort nemendur hafi náð IB-Diploma eða ekki.

Nemendahópurinn er mjög fjölbreyttur og endurspeglast það meðal annars í móðurmálsvali. IBO leggur mikla áherslu á að nemendur læri sitt móðurmál og kynnist menningu síns heimalands gegnum bókmenntir. IB býður þar af leiðandi upp á sjálfsnám í flestum tungumálum heims. Í MH er boðið upp á kennslu í ensku og íslensku. Önnur móðurmál eru í boði sem sjálfsnám undir handleiðslu móðurmálskennara.

3.4.2.1 IB-brautin skólaárið 2022-2023

Eftir að hafa fellt niður lokapróf vorið 2020 vegna Covid-faraldursins og breytt námsmati árin 2021 og 2022 tóku IB-samtökin upp eðlilegt form lokaprófa vorið 2023. IB-samtökin setja stífar reglur varðandi framkvæmd lokaprófa. Skólar geta átt von á óvæntri heimsókn á prófatíma þar sem starfsfólk IB kannar hvort farið sé að settum reglum. Þriðja árið í röð heimsótti IB-starfsfólk skólann með rafrænum hætti. Heimsóknin tókst mjög vel enda hafði verið bætt úr þeim ágöllum sem komið

var auga á árið áður. Keyptir voru tveir notaðir verðmætaskápar til að geyma prófgögn og þeim komið fyrir á heppilegri stað en skjalaskápnunum sem gegndi hlutverkinu áður.

Að þessu sinni þreytti 21 nemandi öll IB-lokaprófin og stefndu að IB-Diplomu. Þrír nemendur tóku lokapróf í einstaka greinum og útskrifuðust sem stúdentar af opinni braut í MH með IB-fögin sem kjörgreinar og tveir nemendur tóku lokapróf í bókmenntum á eigin móðurmáli, svonefnt „anticipated“-próf, í búlgörsku annars vegar og pólsku hins vegar.

Árangur nemenda var nokkuð undir væntingum og heimsmeðaltali. Meðaleinkunn nemenda frá MH var 26,9 stig af 45 mögulegum, en 24 stig þarf til að standast diplómuna og heimsmeðaltalið var 30,2 stig. Síðustu ár hefur meðalstigafjöldi MH nema verið í kringum 30 stig. Góðu fréttirnar voru þó þær að alls stóðust 17 nemendur af 21 prófin, um 80,9%, sem er rétt yfir heimsmeðaltali þetta árið en það var 79,6%.

Félagslíf IB-nemenda var nokkuð öflugt þetta árið. Farið var í sérstaka IB-ferð að Varmalandi í Borgarfirði 30. september. Var þetta fyrsta IB-ferðin síðan 2019 og tókst hún ljómandi vel. Þá var haldið IB-kvöld í Norðurkjallara og sérstök IB-vika á vegum IB-nema og NFMH í nóvember. IB-nemar tóku einnig virkan þátt í lagningardögum með ýmsum uppákomum sem þau nýttu sem CAS-verkefni.

Ein af kröfum IB-samtakanna er að skólar sinni reglulegu sjálfsmati og skili skýrslu um það á fimm ára fresti. Síðustu skýrslu var skilað 2018 en fyrirkomulag sjálfsmatsins hefur breyst nokkuð síðan þá. Nú er því skilað í tvennu lagi, annars vegar fer IB fram á að skólar skili afriti af öllum stefnum, t.d. málstefnu og námsmatsstefnu, sýnidæmum um kennsluáætlanir úr öllum greinahópum og sýnidæmi um CAS-vinnu nemenda. Soffía Sveinsdóttir safnaði flestum þessum gögnum saman og leiddi uppfærslu þeirra í einhverjum tilvikum áður en hún hvarf á vit annarra starfa haustið 2022 en þessum hluta skýrslunnar var skilað í desember. Síðari og viðameiri hluti skýrslunnar er annars vegar hið eiginlega sjálfsmat sem fer fram í samtali hinna ýmsu hagnahópa, helst stjórnenda, kennara og nemenda, og hins vegar sýnidæmi frá skólanum um skólaþróunarverkefni sem lokið var á tímabilinu. Þeim hluta var skilað í mars 2023. Heilt á litið eru IB samtökin mjög ánægð með skólann og segir í lok skýrslunnar að „during the period of review, the school has succeeded in creating learning environments that are supportive, caring and stimulating for the students and in strengthening support systems to promote student well-being. The school continues its long-standing commitment to the IB philosophy and provides access to IB education in its unique context as a state school in Iceland. ... The school's implementation of the programme shows close alignment with the IB Programme standards and practices.“

3.4.3 Fjölnámsbraut MH

Fjölnámsbraut MH er fyrir nemendur sem notið hafa verulegar sérkennslu í grunnskóla og þurfa einstaklingsmiðað nám. Unnið er út frá styrkleikum hvers og eins með áherslu á að efla sjálfsmynd þeirra. Námið er á fyrsta þrepi, það tekur fjögur ár og nemendur útskrifast með framhaldsskólapróf.

Skólaárið 2022-2023 voru 19 nemendur skráðir á fjölnámsbraut MH. Tekið var á móti 7 nýnemum á haustönn 2022 sem er óvenju stór nýnemahópur. Þegar haustönnin var að verða hálfnuð þá bættist við einn nýnemi til viðbótar en hann hafði hafið nám í öðrum skóla en ekki fundið sig þar.

Um áramótin 2022-2023 höfðum við nemendaskipti við starfsbraut Menntaskólans við Kópavogi. Einn nemandi okkar óskaði eftir skólaskiptum og annar nemandi í MK óskaði eftir að koma til okkar í MH. Þessi skólaskipti hafa gengið vel og ætla nemendurnir báðir að halda áfram á sínum stað. Á vorönninni bættist líka við einn nemandi úr almenna náminu hér í MH. Sá nemandi kom til okkar að tilstuðlan námsráðgjafa. Þessi nemandi lauk ekki önninni en er áfram skráður í umsjón hjá okkur næsta haust.

Vorið 2023 útskrifuðust þrír nemendur af fjölnámsbraut, þ.e. tveir útskrifuðust af fjölnámsbraut en sá þriðji lauk stúdentsprófi af opinni braut með áherslu á ensku og sögu. Það var mjög ánægjulegt en þetta er í fyrsta sinn sem nemandi hefur nám á fjölnámsbraut MH og lýkur stúdentsprófi.

Á haustönninni fengu nemendur fjölnámsbrautar kennslu hjá nokkrum fagkennurum skólans líkt og undanfarin ár, t.d. í ensku, hússtjórn og líkamsrækt. Einnig fengum við kennara í leiklist, myndlist og sálfræði til liðs við okkur. Á vorönninni komu inn kennarar í lífsleikni og þýsku í stað leiklistar- og sálfræðikennara. Mikil ánægja og áhugi var á meðal nemenda með sálfræðikennsluna og vonandi getum við boðið oftari upp á sálfræði inni á brautinni.

Þeim almennu áföngum sem fjölnámsbrautarnemendur hafa sótt hefur farið fjölgandi ár frá ári sem er mikið ánægjuefni. Á haustönn 2022 voru nemendur fjölnámsbrautar skráðir í samtals 40 almenna áfanga skólans og á vorönninni voru það 38 almennir áfangar. Stundatöflugerð á fjölnámsbraut verður mjög flókin fyrir vikið þar sem almennir áfangar ganga fyrir í stundatöflum nemenda.

Árið 2022 tókum við það upp að hafa nemendaviðtöl á brautinni í valvikunni. Við boðum nemendur í einstaklingsviðtöl og eru foreldrar/forráðamenn velkomnir með. Í viðtölunum ræðum við líðan, stöðu nemenda og förum yfir valið fyrir næstu önn. Þessi viðtöl hafa gefið góða raun og eru komin til að vera.

Í apríl 2023 var hæfileikakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna haldin í Tækniskólanum en það voru 14 framhaldsskólar sem tóku þátt. Nemendur fjölnámsbrautar MH tóku þar þátt í annað sinn frá stofnun brautarinnar. Þeir buðu upp á flotta listasýningu (myndlistarsýning og lifandi tónlistarflutningur undir) og stóðu uppi sem sigurvegarar að keppni lokinni. Það verður spennandi að sjá hvort keppnin verður haldin aftur að ári og vonandi verðum við þá með að nýju. Kannski líka sem gestgjafar – hver veit.

3.4.4 Listmenntabraut

Vorið 2023 hófst vinna við að skipuleggja nýja námsbraut, listmenntabraut (LMB). Námið á brautinni er verklegt og bóklegt nám með áherslu á listir. Brautin skiptist í kjarna, bundið pakkaval, bundið áfangaval og frjálst val, samtals 205 einingar. Stúdentspróf af listmenntabraut veitir góðan undirbúning fyrir háskólanám í myndlist eða leiklist. Auk þess velur nemandi sér ýmsar listgreinar á móti myndlist eða leiklist sem styrkja viðkomandi fyrir frekara nám. Námið getur einnig verið góður undirbúningur fyrir nám í félags- og hugvísindum. Nemendur velja annað hvort leiklist eða myndlist sem fyrstu listgrein og telur hún 30 einingar. Nemendur velja einnig blöndu af öðrum faggreinum (annarri en fyrstu listgrein) sem tengjast listum á einn eða annan hátt, samtals 30 einingar. Á brautinni er skylda að taka 15 einingar í listasögu, auk áður nefndra 60 eininga. Með tilkomu þessarar brautar gefst tilefni til að skoða áfangaframboð í listgreinatengdum áföngum og má búast við að kennarar eflist í að búa til nýja áfanga.


Alls hafa 22 nýnemar nú þegar verið innritaðir á brautina og munu þeir hefja nám með áherslu á leiklist eða myndlist haustið 2023.

3.5 Loknar einingar

Nemendur á bóknámsbrautum skólans ljúka að meðaltali 25 til 34 einingum á önn. Að baki hverri framhaldsskólaeiningu eru 18-24 klukkutímar í tímasókn og vinnu fyrir nemandann. Það þýðir að fimm eininga áfangi er á bilinu til 90-120 klst. vinna fyrir nemandann á önn.

Nemendur sem falla í áföngum eru í flestum tilfellum settir aftur í áfangann næstu önn á eftir. Nokkrir velja þó að endurtaka áfanga sem þeir falla í að vori í sumarskóla eða taka í fjarnámi meðfram námi, næstu önn á eftir.

Nemendur allra brauta nema IB-brautarinnar geta ráðið hversu marga áfanga þeir taka hverju sinni og geta hætt í áföngum á miðri önn. Þannig er hægt að stýra álaginu en til að ná að útskrifast á 3 árum þurfa nemendur að taka rúmlega 34 einingar á önn og tæplega 30 til að klára á þremur og hálfu ári. Nemendur á listdansbraut taka hluta síns náms utan MH í samvinnu við listdanskóla. Það gera einnig nemendur á opinni braut með listdans sem kjörgrein og nemendur með tónlist sem kjörgrein stunda hluta námsins í tónlistarskólum. Í stefnu skólans er viðmið um að nemendur ljúki a.m.k. 30 einingum á önn en því miður er það ekki raunin almennt.



Mynd 17 Til að ljúka námi á þremur árum þarf að taka að meðaltali 34,2 einingar á önn.

3.5.1 Stöðupróf

Skólinn hefur boðið nemendum sem þess óska og uppfylla skilyrði, upp á stöðupróf í fjölmörgum tungumálum og fer það fram í byrjun annar. Námstjóri tungumála sér um skipulagninguna. Fyrir nemendur í MH er stöðupróf í spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku og frönsku algengast. Boðið er upp á stöðupróf í öðrum tungumálum ef þess er óskað.

Nemendur mættu í stöðupróf í ýmsum tungumálum								
	Enska	Spænska	Franska	Þýska	Kínverska	Færeyska	Ítalska	Portúgalska
Mætnar einingar	20	2						1
15	4	3	1	1		1	1	
10	6		1		1			
5	5	1						
0	1							

Mynd 18 Nemendur sækja um að mæta í stöðupróf í hinum ýmsu tungumálum og námstjóri metur hvort þau eiga erindi í það eða ekki.

Skólinn heldur stöðupróf í norsku og sænsku fyrir nemendur sem hafa lært þessi tungumál og telja sig uppfylla skilyrði til að taka stöðuprófið. Nánari lýsing á stöðuprófi í norsku og sænsku er á heimasíðu skólans en umfang þess er öðruvísi en í öðrum tungumálum. Haustið 2022 tóku 18 nemendur stöðupróf í sænsku eða norsku.

Haust 2022	Samtals skráð í stöðupróf	AA05	BB05	Ekkert metið
Norska	10	1	1	9
Sænska	8	5		3

3.5.2 Fjarnám í öðrum skólum

Hluti nemenda velur að taka áfanga í fjarnámi í öðrum skólum meðfram námi í MH eða taka áfanga í sumarskóla. Áfangar sem nemendur taka í fjarnámi eða sumarskóla eru skráðir í Innu á svokallaða matsönn. Matsönn 2023 heldur utan um alla áfanga sem nemendur taka yfir almanaksárið 2023 og sýna myndirnar fjölda eininga og fjölda áfanga sem þessir nemendur hafa tekið. Samtals hafa 49 nemendur, sem voru skráðir í skólann vor 2023 eða eru skráðir haust 2023, fengið áfanga metna úr fjarnámi sínu.

Skóli	Samtals einingar á vorönn 2023 og sumarönn 2023
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	232
Menntaskólinn á Tröllaskaga	60
Verzlunarskóli Íslands	803

Skóli	Samtals fjöldi áfanga á vorönn 2023 og sumarönn 2023
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	26
Menntaskólinn á Tröllaskaga	3
Verzlunarskóli Íslands	70

Mynd 19 Ef matsönn 2023 er skoðuð þá er hægt að sjá að samtals hafa nemendur lokið 99 áföngum í fjarnámi frá þremur skólum

Algengast er að nemendur taki áfanga í ensku í fjarnámi og er áfangi sem snýst um Harry Potter í Verzlunarskólanum þeirra vinsælastur.

Fag	Fjöldi nemenda	Fag	Fjöldi nemenda	Fag	Fjöldi nemenda
Enska	18	Þýska	4	Tölvunarfræði	2
Spænska	11	Danska	3	Eðlisfræði	1
Íslenska	10	Listfræði	3	Félagsfræði	4
Franska	8	Sálfræði	3	Heimspeki	1
Saga	8	Jarðfræði	2	Lögfræði	1
Stærðfræði	7	Líffræði	2	Uppeldisfræði	1

Mynd 20 Enska, spænska og íslenska eru vinsælustu áfangarnir sem nemendur taka í fjarnámi í öðrum skólum.

3.6 Listdansskólarnir


Menntaskólinn við Hamrahlíð er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla landsins. Þrjú listdansskólur eru í þessu samstarfi við MH, þ.e. Listdansskóli Íslands, Listdansskóli JSB og Klassíski listdansskólinn.

Á haustönn 2022 voru 25 nemendur skráðir á listdansbraut í MH og á vorönn 2023 voru 21 á brautinni. Vorið 2023 útskrifuðust 9 nemendur af brautinni og þá eru 12 eftir. Haustið 2023 bættust 13 nemendur við á listdansbraut MH og verða þá samtals 25 á brautinni á næsta skólaári.

Einkunnir berast MH frá listdansskólunum tvisvar á ári og birtast í ferlum nemenda í Innu. Ókostur er að nemendur úr öðrum skólum en MH sjá ekki áfangana og einkunnir fyrr en þeirra heimaskólar hafa metið áfangana inn til sín. Listdansskólarnir sjá þetta ekki heldur og þurfa því sjálfir að vera með bókhald yfir sína áfanga hjá sér.

Haust 2022	Fjöldi nemenda alls frá listdansskólunum	Alls í MH	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Listdansskóli Íslands	20	10	6	10
Listdansskóli JSB	34	17	11	17
Klassíski listdansskólinn	18	3	3	15
Samtals	72	30	20	42

Vor 2023	Fjöldi nemenda alls frá listdansskólunum	Alls í MH	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Listdansskóli Íslands	21	7	6	14
Listdansskóli JSB	33	16	11	17
Klassíski listdansskólinn	18	5	5	13
Samtals	72	28	22	44



Mynd 21 Meðalfjöldi eininga sem nemendur listdansskólanna taka á hverri önn er svipaður og undanfarin ár en oft hefur verið meiri munur á.

Listdanssaga er skylda fyrir nemendur sem eru á listdansbraut í MH og hefur hún verið kennd í MH eftir venjulegan kennsludag, þ.e. kl. 16:30. Eftir þetta skólaár verður listdanssagan kennd annað hvert

ár. Það er gert vegna þess að listdanssaga er ekki lengur skylda hjá nemendum sem taka stúdentspróf frá öðrum framhaldsskólum, samhliða dansnáminu. Næst verður hún því kennd haustið 2024.

Haust 2022	JSB	KLA	LDÍ	Alls í LDSA2UÞ05
Í MH	10		1	11 í MH
utan MH	2		3	5 ekki í MH
Vor 2023	JSB	KLA	LDÍ	Alls í LDSA3ÞD05
Í MH	10		0	10 í MH
utan MH	1		3	4 ekki í MH

3.7 Skólasóknarreglur

Haustið 2022 voru gömlu skólasóknarreglurnar teknar upp aftur eftir tilhliðranir vegna Covid. Þær reglur höfðu verið umdeildar og fór það sérstaklega illa í nemendur að þurfa að taka á sig fjarvistir fyrsta dag veikinda, þ.e. fá hann ekki skráðan sem veikindadag.

Frá og með hausti 2022 var ákveðið að hafna ekki veikindaskráningum á fyrsta degi, heldur samþykkja þær og setja kóðann E í stað V. E merkti þá fyrsta dag veikinda. Áfram var enginn frádráttur fjarvista fyrir fyrsta dag veikinda en tilkynningin samþykkt með kóða E. Þessi breyting mæltist vel fyrir og kvörtunum fækkaði.

Veturinn 2022-2023 voru skólasóknarreglur endurskoðaðar og [nýjar reglur](#) litu dagsins ljós í maí 2023. Í þeim er fullt tillit tekið til veikinda, þ.e. engar fjarvistir eru skráðar á veikindadögum. Auk þess er hlutfall skólasóknar aukið úr 80% í 90% enda er þá búið að draga frá öll veikindi og leyfi sem nemandinn hefur fengið á önninni.

Fróðlegt verður að sjá hvernig nýjar reglur leggjast í nemendur en eitt af baráttumálum nýs forseta nemendafélagsins veturinn 2022-2023 var meðal annars að endurskoða skólasóknarreglurnar.

3.8 Áfangaframboð

Áfangaframboð í skólanum hefur verið svipað síðustu árin. Áfangaframboð er auglýst í október og mars í tengslum við val nemenda og þegar niðurstöður vals liggja fyrir er ákveðið hvaða áfanga skuli kenna á komandi önn. Á hverri önn eru oftast nokkrir nýir áfangar í boði og vorið 2023 var áfangi um kynheilbrigði kenndur í fyrsta skipti. Aðsókn í áfangann var mjög mikil og þurfti að velja nemendur í áfangann út frá því hvar þau voru stödd í náminu svo enginn myndi missa af áfanganum.

Fyrir haustið 2023 var reynt að bjóða upp á nýjan áfanga í umhverfisfræði en hann hlaut ekki sömu undirtektir og féll að lokum niður og verður ekki kenndur haustið 2023. Umhverfismálin áttu greinilega ekki eins mikið upp á pallborð nemenda eins og kynheilbrigðismálin.

Á haustönn 2022 voru 160 áfangar kenndir, þ.e. fyrir utan áfanga á IB- og fjölnámsbraut og 150 áfangar vorið 2023. Eftir könnun vorið 2023 fyrir áfangaframboð haustsins duttu 18 áfangaheiti út vegna dræmrar þátttöku. Haustið 2023 hafa 153 áfangar verið lagðir í stundatöflur kennara, fyrir utan áfanga á IB- og fjölnámsbraut. Fjöldi áfanga í Innu á haustönn 2023 er alls 222 og þá eru taldir með bæði IB-áfangar og nokkrir fjölnámsbrautaráfangar annarinnar.

Undanfarnar annir hefur verið unnið að því að setja skýrar fram hvaða áfangar eru kenndir á hverri önn og hvaða áfangar eru eingöngu kenndir á haustin eða eingöngu kenndir á vorin. Upplýsingar um áfangaframboð hverju sinni má finna á heimasíðu skólans.

3.8.1 Úrsagnir nemenda úr áföngum

Nemendur geta sagt sig úr áföngum innan tveggja vikna frá því að önnin byrjar án þess að það komi fram á námsferli. Eftir það kemur úrsögn á námsferilinn og nemendur þurfa að fara í viðtal til námsráðgjafa, námstjóra eða áfangastjóra áður en úrsögn tekur gildi. Ástæður úrsagna eru oftast léleg ástundun og mæting. Haustið 2022 hættu 197 nemendur í samtals 1921 einingu eða um það bil 10 einingum á hvern nemanda. Vorið 2023 hættu 175 nemendur í samtals 2200 einingum eða tæpum 13 einingum á hvern nemanda.

3.8.2 Íslenska sem annað tungumál

Nemendur sem eru af erlendum uppruna og hafa íslensku sem annað mál hafa í mörg ár tekið ÍSAN-áfanga í íslensku, þar sem kennslan hefur miðað að þeirra þörfum, í stað hefðbundinna íslenskuáfanga. Þessu skipulagi var breytt haustið 2022. Nú eru allir ÍSAN-nemendur líka skráðir í venjulegan íslenskuáfanga, ÍSLE2AA05, ÍSLE2BB05 o.s.frv. Þau sitja allar kennslustundir hefðbundnu íslenskuáfanganna og fá svo aukastuðning í íslensku einu sinni í viku í samsvarandi ÍSAN-áfanga. Auk þess gangast þau undir annað námsmat í lok annar í hefðbundna áfanganum, til dæmis fengu þau lesinn texta á lokaprófi en hinir ólesinn texta. Nemendur sem stóðust kröfur áfanganna, með breyttu námsmati, fengu skráða einkunnina S, án eininga, á viðkomandi áfanga en viðeigandi einkunn var skráð á ÍSAN-áfangann. Svona mun þetta ganga koll af kalli þar til íslenskunáminu er lokið en 5 íslenskuáfangar eru í kjarna á öllum brautum. Að mati íslenskukennara hefur þetta fyrirkomulag reynst vel, nemendurnir hafa staðið sig vel og nám þeirra verður markvissara.

	Haust 2022			Vor 2023		
	Fall	lokið	fjöldi einkunna	Fall	lokið	fjöldi einkunna
ÍSAN1AA05	64%	36%	11	25%	75%	20
ÍSAN1BB05				18%	82%	11

Mynd 22 Árangur nemenda sem hafa íslensku sem annað mál, í íslensku, í breyttu fyrirkomulagi haustið 2022 og vorið 2023

3.8.3 Nýr áfangi í umhverfisfræðum

Haustið 2022 var stofnuð nefnd 4 kennara ásamt konrektor sem fékk það verkefni að búa til þverfaglegan umhverfisáfanga sem myndi fá áfangaheiti óháð greinum, þ.e. UMHV2AB05. Nefndin hittist reglulega og kannaði hvort efni tengt umhverfisfræði væri nú þegar kennt í einhverjum áföngum. Í ljós kom að einna helst er snert á þessu efni í áfanga sem tilheyrir líffræði. Niðurstaða nefndarinnar var að tveir kennarar tækju málið lengra og skipulegðu nám áfangans fyrir haustið 2023. Niðurstaða í valkönnun hjá nemendum varð svo sú að einungis 6 nemendur völdu áfangann og þar með var ekki hægt að bjóða upp á að kenna hann haustið 2023. Ein af ástæðum þess að nemendur töldu sig ekki geta valið hann var sú að hann átti ekki heima á ákveðnum stað á neinni námsbraut. Það er því áframhaldandi verkefni að finna áfanganum stað, kynna hann enn betur og hvetja nemendur til að velja hann vorið 2024.

3.8.4 Táknmálskennsla

Táknmálskennsla hefur verið í MH um margra ára skeið í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Nú liggur fyrir að Samskiptamiðstöðin ætlar að hætta að kenna táknmál í framhaldsskólum landsins og leggja áherslu á að styrkja fjölskyldur með heyrnaskerta einstaklinga. Það verður því engin táknmálskennsla í MH haustið 2023 en það er aldrei að vita hvort sú kennsla verði tekin upp aftur haustið 2024 ef nemendur MH sýna því áhuga.

4 Innviðir og þjónusta

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38, þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru auk kennslustofa, þrjár misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur sem nemendur og starfsfólk hefur aðgang að eru á tveimur stöðum og skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð og stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 15:55 á daginn. Skák-, norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:00 og einnig hafa listdansskólarnir nýtt kennslurými eftir að hefðbundinni kennslu lýkur. Nemendafélagið og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi að fengnu leyfi sem sótt er um á skrifstofu. Norðurkjallari er í umsjón Nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengda félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuástöðu nemenda og starfsfólks. Stöðugt er unnið að viðhaldi húsnæðisins, rými máluð, skipt um ljós og lýsingu og húsgögn endurnýjuð. Endurnýjun húsbúnaðar í kennslustofum hefur staðið yfir undanfarin ár og á að ljúka 2024. Sumarið 2023 hófst vinna við að búa til framreiðslueldhús á Matgarði. Þar með hefst nýr kafli í sögu skólans þar sem hægt verður að bjóða nemendum að kaupa heitan mat í hádeginu sem er eldaður í húsi. Stefnt er að því að bjóða upp á hafragraut alla morgna frá og með hausti 2023 en hingað til hefur hann ekki verið í boði á mánudögum.

Rafhleðslustöðvar eru fyrir utan skólann. Nýting þeirra er góð og geta nágðannar skólans nýtt þær utan starfstíma skólans. Búið er að undirbúa fjölgun stöðva og verður hægt að hlaða allt að 10 bíla í náinni framtíð. Auk þessu eru 8 hleðslustöðvar ON í 50m fjarlægð frá skólanum og hafa fjölmargir starfsmenn nýtt sér þær.

4.1 Starfsfólk

Við skólann starfa að jafnaði 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), fjármálastjóri, 3 námstjórar í 50% starfi (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri fjölnámsbrautar, 1 sérkennari á fjölnámsbraut, 1 deildarstjóri IB-náms, 3 náms- og starfsráðgjafar í tæpum 2,8 stöðugildum, 1 sálfræðingur í 0,6 stöðugildi, 1 sérkennarar, 2 bókasafns- og upplýsingafræðingar í 1,8 stöðugildi, 2 starfsmenn á skrifstofu í 1,5 stöðugildi, 1,5 kerfis- og tækjastjóri, 1,5 húsvörður, 0,6 skjalastjóri, 0,2 persónuverndarfulltrúi og 3 ræstitækjar. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 110. Frá hausti 2021 hefur fyrirtækið iClean séð um ræstingu í öllum kennslustofum og almennum rýmum en önnur svæði voru þrífín af ræstitækjum skólans.

Starfsmannahópurinn er síbreytilegur. Skólaárið 2022-2023 hættu 5 kennarar vegna aldurs. Auk þess hættu umsjónarmaður fasteigna og kerfisstjóri störfum í lok ágúst 2023, einnig vegna aldurs. Búið er að ganga frá ráðningu sex starfsmanna fyrir skólaárið 2023-2024. Þetta eru kennarar í stærðfræði, íslensku og norsku, einn í hverju fagi, umsjónarmaður fasteigna og sálfræðingur. Einnig kemur til starfa nýr náms- og starfsráðgjafi sem leysir af vegna veikinda á haustönn 2023. Auk þessara eru ráðnir í hlutastarf frá og með hausti 2023 bæði félags- og forvarnarfulltrúi og verkefnastjóri jafnréttismála.

Nýr námstjóri í íslensku, sögu og félagsgreinum tók við á haustönn 2022 og nýr námstjóri í raungreinum, stærðfræði og líkamsrækt tekur við starfi á haustönn 2023.

4.1.1 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsmanna. Þau gögn sem einkum eru lögð til grundvallar í því efni er könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á hverju hausti og starfsmannasamtöl sem tekin eru með reglulegu millibili.

Í Stofnun ársins varð skólinn í fjórða sæti í flokki stofnana með fleiri en 90 starfsmenn. Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu fimm stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun og er MH í þeim flokki þriðja árið í röð. Þegar könnunin var framkvæmd síðast, var skólinn í þriðja en afar mjótt er á milli stofnana í þriðja til fimmta sæti. Nánari upplýsingar má finna [hér](#).

Starfsmannasamtöl hafa farið fram í kjölfar kennslukannana undanfarin ár. Haustið 2022 voru gerðar kennslukannanir í erlendum tungumálum, raungreinum og stærðfræði og líkamsrækt. Á haustönn 2022 og vorönn 2023 voru tekin tæplega 40 starfsmannasamtöl og eru þau öll vistuð í GoPro. Hver starfsmaður fer í viðtal á tveggja ára fresti. Aðrir starfsmenn en kennarar eru einnig teknir í viðtöl og þá í kjölfar þjónustukannana sem eru lagðar fyrir reglulega.

Skólinn reynir að gleðja starfsfólk öðru hverju með gjöfum af einhverju tagi. Jólagoðin árið 2022 var konfektakassi og gjafabréf frá Arion banka og um páskana fengu allir páskaegg frá Góu.

Starfsfólk skólans fær reglulega fræðslu um málefni sem eru ofarlega á baugi í skólastarfinu hverju sinni. Þetta skólaár var bæði innanhússfólk og gestir utan úr bæ fengnir til að halda erindi. Þar má nefna jafnréttisfulltrúa skólans og sálfræðing, fulltrúa frá Stígamótum, Mental ráðgjöf, mennta- og barnamálaráðuneyti, Landlæknisembættinu og Barna- og fjölskyldustofu.

Starfsdagar voru haldnir í lok maí. Starfsfólk vann að ýmsum verkefnum og fékk fræðslu af fjölbreyttu tagi. Fjallað var m.a. um, grænt bókhald, hvernig er tekið á gervigreind í skólastarfi, farsæld barna, o.m.fl. Starfsfólki var skipt í hópa þar sem eftirfarandi efni voru rædd: Endurskoðun námsbrauta, gerð samskiptasáttmála og nýtt einkunnakerfi í IB.

Starfsfólk getur sótt um samgöngustyrk og líkamsræktarstyrk til skólans og nýtir fjöldi starfsmanna sér þessa styrki. Tæplega 30 sóttu um samgöngustyrk og um það bil 50 um líkamsræktarstyrk. Er það viss vonbrigði að þeim sem sóttu um samgöngustyrk fækkaði á milli ára. Möguleg skýring er sú að nú þarf að uppfylla strangari viðmið en áður, þ.e. koma með umhverfisvænum hætti til vinnu í 80% tilfella á mánaðargrunni. Stefnt er að því að endurskoða viðmiðin fyrir næsta skólaár.

Um páska var farið í skólaheimsóknarferð til Kúbu. Fararstjóri var sögukennari innan skólans og margreyndur fararstjóri í Kúbuferðum en 31 starfsmaður og 10 makar tóku þátt. Markmið ferðarinnar var að kynna skólastarfi á Kúbu, auk sögu og menningu lands og þjóðar. Ferðin heppnaðist einstaklega vel. Hópurinn hitti bæði nemendur og starfsfólk í framhaldsskólum í tveimur borgum og heimsótti marga sögufræga staði. Auk þess náði starfsmannahópurinn að kynna vel innbyrðis og er ferð sem þessi mjög skemmtileg leið til þess. Innanhússblað starfsmanna, Téð og heyrt, sem gefið var út í maí, var tileinkað þessari ferð og mátti greinilega sjá og lesa að ferðin var bæði til gagns og gleði og náði því fullkomlega tilgangi sínum.


Ofangreindar aðgerðir miða að því að auka starfsánægju, bæta og efla starfsaðstöðu og auka samstarf.

4.2 Kennslukannanir

Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er þeim skipt eftir deildum. Flestar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Nemendur eru hvattir til að koma með uppbyggilega gagnrýni eins og við á en ekki síður hrósa fyrir það sem vel er gert. Kannanirnar eru framkvæmdar í Innu og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi annar. Matinu er

skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í Innu auk þess sem samantekt er dreift á hvern og einn kennara þar sem koma fram meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir kannanirnar eins og hæfir hverju sinni en kennarar velja þeim mismikið fyrir sér. Auðvitað eru þær ekki besta mat á áfanga eða kennslu en þær ættu að vera vísbending um það sem vel er gert og einnig ef eitthvað má bæta. Gerðar eru kannanir í IB-náminu samhliða en þær eru ekki teknar með hér.

Tímabil sem könnun er gerð	Faggreinar sem könnun er gerð í hverju sinni
2021H	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2022V	Engar kennslukannanir gerðar - vegna aðstæðna í COVID-19
2022H	Raungreinar, stærðfræði og líkamsrækt
2023V	Erlend tungumál
2023H	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar



Mynd 23 Meðaltal svarhlutfalls kennslukannana haustið 2022 var 61,7% og 57% vorið 2023.

4.3 Könnun á stoðþjónustu

Á vorönn var gerð könnun meðal nemenda á stoðþjónustu skólans, þ.e. náms- og starfsráðgjöf, tölvuþjónustu, bókasafni, námsveri, sálfræðingi og hjúkrunarfræðingi. Alls svöruðu 235 nemendur könnuninni og þegar niðurstöður lágu fyrir fóru fram viðtöl við viðkomandi þjónustuaðila um niðurstöðurnar. Almennu voru nemendur mjög jákvæðir og duglegir að nýta sér þjónustuna en einnig bárust góðar ábendingar sem brugðist var við, t.d. er varða opnunartíma og bókanir viðtala.

4.4 Fjármál


Fjárhagsstaða skólans versnaði á árinu 2022 en var samt innan ramma fjárheimilda.

Á árinu 2022 voru heildarútgjöld skólans um 1.720,8 millj. kr. sem var um 61,6 millj. kr. meira en nam fjárveitingum og tekjum. Því versnaði rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok 32,7 millj. kr.

Fjárveitingar og tekjur	-	1.659.137.109
Gjöld		1.720.773.371
Mismunur		61.636.262

Fjárveitingar og tekjur lækkuðu um 20 millj. kr. á milli ára. Fjárveiting til skólans hefur lækkað mikið á sl. árum en hún ræðst m.a. af færri ársnemendum. Gjöld hækkuðu um 70 millj. kr. þ.a. laun um 47 millj. kr. og húsaleiga um 15 millj. kr.

Fjárfestingar á árinu 2022 námu samtals 21,6 millj. kr. Helstu fjárfestingar voru endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum um 6 millj. kr., önnur húsgögn um 3,5 millj. kr. og endurnýjun á fartölvum 6,5 millj. kr. Það er ljóst að gæta þarf aðhalds í rekstri og hagræða í samræmi við færri ársnemendur.



4.5 Ytri úttekt

Skólinn gekk í gegnum ytri úttekt haustið 2022. Gagnaöflun stóð yfir í ágúst og september og í byrjun október komu úttektaraðilar í heimsókn. Úttektarteymið tók viðtöl við tæplega 60 nemendur og starfsfólk á þeim tveimur dögum sem heimsóknin stóð yfir. Heildarniðurstöður hafa verið gefnar út og eru aðgengilegar á [heimasíðu skólans](#). Skólinn getur verið stoltur af niðurstöðunni en m.a. kom fram að:

- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu, sýn og gildi sem endurspeglast í starfi hans
- Yfirgripsmikið innra mat og árleg sjálfsmatsskýrsla er gerð
- Skólanámskrá er í sífældri endurskoðun og birt á heimasíðu skólans
- Yfirgripsmikil þjónusta stendur nemendum til boða
- Grunnþættir náms eru hafðir að leiðarljósi í námskrá
- Í MH geta allir verið þeir sjálfir, fjölbreyttur nemendahópur
- Góð samskipti eru við foreldra/forráðamenn
- Húsnæði er snyrtilegt og aðlaðandi
- Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi í skólastarfinu: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi
- o.m.fl.

Það er heilmikil vinna sem felst í því að fara í gegnum ytra mat en hún er gagnleg og gefur góða yfirsýn yfir starfsemina.

4.6 Náms- og starfsráðgjöf MH

Á haustönn 2022 voru starfandi þrjú náms- og starfsráðgjafar við MH í en tveir á vorönn 2023. Margvíslegar ástæður eru fyrir komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa og eru ýmist tengdar ráðgjöf vegna námsins eða persónulegra mála. Námsleg ráðgjöf er t.d. vinnulag, tímastjórnun, val, prófundirbúningur, frestun, námserfiðleikar eða skólaskipti. Persónulegir erfiðleikar nemenda geta verið vegna veikinda nemenda og/eða aðstandenda þeirra, heimilisaðstæðna, kynhneigðar, vímuefnavanda, fátæktar, ofbeldis, átröskunar og geðrænna erfiðleika. Einnig koma mál sem varða samskipti milli einstakra nemenda og/eða milli nemenda og kennara.

Á skólaárinu var tekið í gagnið bókunarkerfi sem hefur gefist mjög vel. Nú eru allar tímabantanir gerðar í gegnum Outlook á heimasíðu skólans.

Skráð viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum voru 2641 á skólaárinu og voru þar að baki 896 nemendur. Sumir koma aðeins einu sinni á meðan aðrir koma oftar. Mikil ásókn var í viðtöl í upphafi annar, í

kringum val nemenda og á álagstímum er varða verkefnaskil og próf. Ótalin eru símtöl og tölvupóstsamskipti sem varða nemendur. Samtals voru skráningar erinda 4404 á skólaárinu.

Náms og starfsráðgjafar eru í sambandi við fjölda nemenda vegna mætinga á hverri önn og fer sú vinna fram í samstarfi við áfangastjóra.

Áfangar sem heita STUÐ1AB01 og STUÐ1BB01 eru í umsjón náms- og starfsráðgjafa. Í þeim fer fram hópráðgjöf og stutt er við nemendur í brotthvarfshættu. Í AB-hópnum eru nemendur á fyrsta ári og í BB-hópnum eldri nemendur. Markmið áfangans er að halda vel utan um hópinn með kennslu í námstækni, eftirfylgni með mætingu og þeim stuðningi við námið sem hver og einn þarf á að halda. Nemendur eru með einn tíma í stundatöflu og skuldbinda sig til viðbótar að mæta einu sinni í viku í námsverið til að sinna heimavinnu. Önnina eftir mæta nemendur sem taka áfangann til náms- og starfsráðgjafa í þrjú skipti til eftirfylgni. Haustið 2022 voru 29 namar skráðir í STUÐ áfangann. Af þeim skiluðu 23 sér í nám á vorönninni, 4 hættu í MH og 2 fengu tímabundið leyfi vegna veikinda. Á vorönn voru 22 nemendur skráðir í áfangann, 13 nýnemar frá haustinu og 9 eldri nemendur. Nýnemar frá hausti luku 131 einingu á haustönn og 233 á vorönn sem eru 102 einingar í plús. Eldri nemendahópurinn hafði lokið 90 einingum á haustönn en kláruðu 97 á vorönn. Samtals luku þessir nemendur því 109 einingum í plús á önninni.

4.7 Námsverið

Allir nemendur MH eru velkomnir í námsver skólans. Þar geta þeir fengið stuðning við námið. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, aðstoð við að skilja texta í námsefni og verkefnum og við yfirlestur ritgerða og verkefna.

Markmið námsvers MH eru að:

- Styðja nemendur í námi
- Skapa umhverfi fyrir nemendur sem þeim líður vel í
- Mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur
- Finna lausnir sem henta hverjum og einum


Í námsveri er forstöðumaður í fullu starfi, íslenskukennari í 25% starfi og raungreinakennari var í 25% starfi á haustönn og 50% starfi á vorönn. Á haustönn var álagið á kennara námsvers hressilegt á köflum en á vorönn var það eðlilegra þar sem starfshlutfall kennara var hærra.

Komur í námsver

Fjöldi koma í námsver	Haut 21	Vor 22	Haut 22	Vor 23
Komur í námsver, nemendur fá aðstoð og læra	1579	1228	1699	1743
Próf og tímaritgerðir	141	226	202	250
Alls komur	1720	1454	1901	1993


Mynd 24 Komur eru taldar á hverjum klukkutíma og ef nemandi situr í tvær klukkustundir er það talið sem tvær komur.

Stór hluti nemenda sem leita í námsverið eru innflytjendur sem þurfa aðstoð við námið vegna tungumálaerfiðleika.



Kennarar vísa nemendum sínum mikið í námsverið til að taka próf. Ástæður þess eru margs konar:

- Nemendur er óruggir að taka próf inni í hópnum en finnst þeir öruggari í námsveri.
- Nemendur þurfa eftirfylgni í prófum, athuga þarf hvort öllum spurningum sé svarað.
- Nemendur eiga ekki íslensku að móðurmáli og finnst öryggi í því að taka próf í námsveri þar sem þeir þekkja kennarana og geta spurt um útskýringar á prófspurningum.
- Nemendur hafa misst af prófi eða ritgerð og vinna það upp í námsveri, ýmist á sama tíma og kennsla í faginu er í gangi eða á öðrum tíma.
- Nemendur þurfa sérmeðferð vegna einhverfu eða lesblindu.



Mynd 25 Hlutfall nemenda MH sem nýtir sér námsverið er stórt og greinilegt að námsverið er staður sem gott er að leita til og fá aðstoð við námið.

4.8 Sálfræðingur

Sálfræðingur var í 60% starfshlutfalli skólaárið 2022 til 2023. Sálfræðipjónustan var með svipuðu sniði og undanfarin ár þar sem nemendur, foreldrar, kennarar eða náms- og starfsráðgjafar höfðu samband við sálfræðing skólans og í kjölfarið var bókaður tími með viðkomandi nemanda. Þetta árið var einnig notað bókunarkerfi í gegnum heimasíðu skólans þar sem nemendur gátu sjálfir bókað tíma hjá sálfræðingi og reyndist það fyrirkomulag vel en þyrfti mögulega að kynna betur fyrir nemendum við upphaf skólaárs. Alls nýttu 141 nemendur sér sálfræðiráðgjöf þennan veturinn og voru 476 viðtöl bókuð. Sálfræðipjónusta innan skólans felst einna helst í ráðgjöf og fræðslu en margir nemendur eru að glíma við vanda sem þyrfti frekari inngrip og meiri þjónustu og mætti leggja aukna áherslu á samstarf skóla og heilbrigðiskerfis til að aðstoða nemendur við að komast þar að.

Nemendur leituðu til sálfræðings með margs konar vanda, m.a. vegna kvíða, depurðar, samskiptaerfiðleika, vangaveltna um einhverfurófs- eða ADHD greiningar og erfiðleika og áskorana í daglegu lífi. Lögð var áhersla á snemmtæk inngrip með fræðslu og ráðgjöf um eðli tilfinninga og gagnleg viðbrögð við vanlíðan af ýmsu tagi.

Starf sálfræðings skólans fólst einnig í að vera með fræðslu og fyrirlestra í lífsleiknitímum auk þess að vera hluti af ýmsum viðbragðsteymum s.s. tengdum einelti, ofbeldi og áföllum. Skólapúlsinn, könnun um mat á heilsu og líðan nemenda var lögð fyrir, líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

4.9 Hjúkrunarfræðingur

Skólaárið 2022-2023 var skólahjúkrunarfræðingur í 20% stöðugildi við MH. Föst viðvera skólahjúkrunarfræðings var á mánudögum en tölvupóstsamskiptum, fundum og símtölum var einnig sinnt aðra daga. Á tímabilinu leituðu 23 nemendur í þjónustuna og voru það samtals 60 talin samskipti. Algengustu ástæður komu voru líkamlegir kvillar eins og meiðsli, veikindi eða sjúkdómar en einnig sálræn vanlíðan. Skólahjúkrunarfræðingur fór með fræðslu í 8 nýnemahópa í lífsleikni þar sem skólahjúkrun var kynnt og farið var yfir almennar ráðleggingar um svefn, næringu og hreyfingu. Útbúið var [skjal](#) með nýsamlegum vefsíðum og útskýringum á þeim fyrir nemendur.

Næsta haust á að færa skólahjúkrun í framhaldsskólum yfir á svokallaða Heilsubrú innan heilsugæslunnar sem er svipað form og kvenheilsuteymið. Ástæðurnar fyrir því eru margþættar en t.d. hafa ekki allar heilsugæslur haft tök á að manna stöður fyrir framhaldsskólana.

4.10 Bókasafnið

Nemendur MH geta nýtt eyður í stundatöflu og fengið vinnu á safninu. Á síðasta skólaári unnu 9 nemendur á haustönn og 7 á vorönn og skiptu með sér 27-28 klst. vinnu á viku.

[Bókasafn MH](#) er upplýsingamiðstöð ætluð nemendum og starfsfólki skólans. Safnið veitir fjölbreytta þjónustu, þar á meðal almenna upplýsingaþjónustu, aðstoð við heimildaleitir, meðferð heimilda og heimildaskráningu. Lögð er áhersla á að þjálfar nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga. Markmiðið er að nemendur verði upplýsingalæsir, þ.e. færir um að meta, skipuleggja og nota upplýsingar á skilvirkan hátt til þekkingaröflunar. Á bókasafninu starfa upplýsingafræðingar sem sjá um að kynna bókasafnið, þjónustu þess og þær leiðir sem nemendur geta nýtt sér til upplýsingaöflunar, leiðbeina notendum við heimildaöflun vegna verkefna og ritgerða, hvort heldur sem er í safnkosti safnsins, gagnagrunnum eða á Internetinu. Kennarar eru velkomnir með nemendum sína á safnið. Þeir geta pantað ýmis rými bókasafnsins, s.s. hópinnuborð, margmiðlunarherbergið eða hljóðsófa fyrir yndislestrarviðtöl og fleira.

Í september kom nýr bókastandur á bóksafnið en hann var smíðaður af húsverði skólans. Hlutverk bókastandsins er einkum að vekja athygli á athyglisverðum dögum í skólanum eða í þjóðfélaginu. Þá stillum við upp bókum sem fanga daginn. Fyrsta uppstillingin var 8. september, Lestur er bestur - á öllum tungumálum. Í kjölfarið fylgdu Dagur íslenskrar náttúru og Evrópski tungumáladagurinn. Eftir það tók við bleikur október þar sem bleikum bókum var stillt upp og á hrekkjavöku var svo draugasögum og hrollvekjum stillt upp. Á degi íslenskrar tungu var Jónasi Hallgrímssyni gert hátt undir höfði. Jólábækurnar fengu sinn sess í desember og var starfsfólki boðið á bókakynningu. Standurinn hélt áfram að þjóna tilgangi sínum á vorönn með breytilegum uppstillingum á bókum, t.d. tengdum bókmenntahátíð og þegar voraði var endað á bókum tengdum Íslandi, ferðalögum og útivist.

Sumarið 2022 var nýja bókasafnskerfið Alma tekið í notkun. Kerfið er nútímalegt veflægt bókasafnskerfi og leysti það gamla Gegni af. Í maí 2022 lokaði Gegni endanlega í þeirri mynd sem hann var.

Í vetur hafa allar kórnotur í eigu kórsins verið skráðar í Gegni. Framvegis verða nóturnar lánaðar út til kórmeðlima í gegnum útlánakerfi bókasafnsins. Með skráningu kórnotna verður hægt að hafa yfirsýn yfir öll þau tónverk sem kórin hefur keypt en þau eru nú yfir 100 talsins og eintökin tæplega 10.000.

4.11 Tölvu- og tæknimál

Allt starfsfólk og nemendur vinna í Microsoft 365 umhverfinu. Um 120 kennarar og annað starfsfólk notar „Microsoft 365 for faculty“ og rúmlega 1000 nemendur nota „Microsoft 365 for students“. Allir Microsoft 365 notendur hafa aðgang að 1TB plássi á Onedrive til að vista sín gögn. Skólinn er aðili að svokölluðu Menntaskýi, síðan á vorönn 2022, en það er skýjageiri sem flestir framhaldsskólar landsins nota. Þjónustuaðili fyrir Menntaskýið er Háskóli Íslands.

Allir kennarar og flest annað starfsfólk skólans fær fartölvu í eigu skólans til afnota á meðan þau starfa í MH. Nemendur hafa aðgang að borðtölvum á bókasafni skólans og í tölvuveri þar sem eru samtals 31 borðtölva. Um 120 tölvur eru til í tölvuvögnum eða í skápum í kennslustofum til notkunar við kennslu. MH býr yfir mjög öflugum þráðlausu netkerfi. Samtals 67 sendar eru staðsettir í skólahúsnæðinu, þeir eru í flestöllum kennslustofum og einnig í öðrum rýmum.

Vonumst við til að haustið 2024 færist stofnun nemenda sem notenda í Microsoft 365 yfir í Innu. Þá myndu notendanöfn og netföng stofnast um leið og nemendur eru stofnaðir sem nemendur í Innu.

4.12 Kynningarmál

Starfsfólk skólans var með kynningarbás á sýningunni Mín framtíð, Íslandsmót iðn- og verkgreina, sem haldin var í Laugardalshöll 16.-18. mars. Mikill fjöldi nemenda heimsótti kynningarbás MH þar sem náms- og starfsráðgjafar, stjórnendur og nemendur stóðu vaktina. Ný braut, listmenntabraut, var kynnt opinberlega í fyrsta skipti. Einnig kom kór skólans á sýninguna og söng við góðar undirtektir.

Í byrjun apríl var opið hús fyrir verðandi nýnema haustannar 2023. Kynningin tókst vel og almenn ánægja var með kynningar deilda, kórsöng og kynnisferðir nemenda um skólann. Náms- og starfsráðgjafar og kennarar í námsveri voru á staðnum til að kynna námsbrautir skólans ásamt því að svara almennum fyrirspurnum. Tilvonandi nemendum, sem ekki áttu heimangengt þennan dag, var boðið upp á tvær kynningar í síðari hluta aprílmánaðar, undir stjórn náms- og starfsráðgjafa, og voru þær vel sóttar.

4.12.1 Samfélagsmiðlar

Skólinn hefur jafnt og þétt aukið notkun sína á rafrænum samfélagsmiðlum, t.d. facebook, YouTube og Instagram. Sérstök kynningarmyndbönd hafa verið gerð þar sem rætt var við útskrifaða MH-inga um lífið og tilveruna í MH. Kynningarmyndböndin eru aðgengileg inn á [YouTube-síðu](#) skólans en þeim er einnig deilt inn á facebook-síðu MH. [Facebook-síða](#) skólans er með um 2600 fylgjendur og þar eru settar inn áhugaverðar fréttir sem tengjast skólastarfinu. Á meðan skólinn tekur á móti umsóknum eru keyptar auglýsingar á facebook til að vekja athygli á skólastarfinu og náminu. Skólinn hóf markvisst að nota Instagram á vorönn 2022. Notkunin er enn á frumstigi en stefnt er að því að auka hana jafnt og þétt á komandi misserum enda notar unga fólkið Instagram töluvert meira en facebook.

Allt [kynningarefni skólans](#) er aðgengilegt á einum stað á heimasíðu skólans þar sem má fræðast um skólastarfið, skoða bygginguna og kennslustofur og sjá viðtöl við MH-inga.

Skólinn setti sér vefmiðlastefnu sem er aðgengileg á heimasíðunni, í framhaldi af aukinni notkun vefmiðla til kynningar á skólanum.

4.13 Umhverfismál

Umhverfisnefnd skólans er skipuðu u.þ.b. 20 nemendum og þremur kennurum. Kennararnir héldu fjóra fundi á skólaárinu og haldnir voru þrír vinnufundir með nemendum. Meginmarkmið ársins var að auka samstarf mismunandi hópa sem sinna eða hafa áhuga á umhverfismálum innan skólans.

Sú nýbreytni var höfð á árinu að blásið var til samstarfs umhverfisnefndar og umhverfisráðs nemenda sem hefur það meðal annars á sinni könnu að sjá um hina árlegu umhverfisviku skólans. Tókst það samstarf með miklum ágætum og sýndi sig í auknum fjölda nemenda á fundum umhverfisnefndar. Einnig fór umhverfisnefnd í samstarf við nemendur í alþjóðlega IB-náminu í MH. IB-nemendur mættu á tvo fundi og tóku virkan þátt í plokkeginum sem haldinn var í apríl ásamt kennurum og nemendum skólans. Í IB-náminu er lögð mikil áhersla á samfélagslega virkni þannig að það er allra hagur að viðhalda því samstarfi næstu misseri. Meðlimir umhverfisnefndar aðstoðuðu einnig við undirbúning umhverfisviku sem haldin var í febrúar með ýmiss konar viðburðum sem tengjast umhverfismálum og sjálfbærum lífsstíl.

Skólinn er þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar og stefnir skólinn á að fá sinn þriðja fána á haustönn 2023. Til þess að hljóta Grænfánann þarf skólinn að sýna framfarir í umhverfismálum frá síðustu fánaveitingu. Að mati nefndarmanna hafa öll þau skilyrði verið uppfyllt sem kveðið er á um. Nefndar meðlimir eru búnir að fylla út gátlista og kortleggja hvernig skólinn getur helst bætt sig. Ákveðið var að vinna áfram með þau þrjú þemu sem samþykkt voru á síðasta skólaári:

- Neysla og úrgangur
- Samgöngur og loftlagsmál
- Hnatrænt jafnrétti

Skólaárið 2023-2024 er stefnt að því að koma fleiri markmiðum sem samþykkt voru á síðasta skólaári í framkvæmd með það að leiðarljósi að gera MH að enn umhverfisvænni og farsælli Grænfánaskóla, þ.m.t. bæta flokkun og auka fræðslu. Jafnframt er stefnt að því að halda áfram á þeirri braut að kalla að borðinu sem flesta sem koma að umhverfismálum innan skólans og samþætta betur starfsemi nefndanna við hin Grænu skref Umhverfisstofnunar sem skólinn tekur þátt í.

4.14 Græn skref

MH skráði sig til leiks í verkefninu Græn skref í byrjun nóvember 2020. Verkefnið er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund

starfsmanna. Teymi Grænna skrefa í MH skipa rektor, konrektor, fjármálastjóri, skjalastjóri, umsjónarmaður fasteigna, fulltrúi á skrifstofu og kennari ásamt fulltrúa kennara úr umhverfisnefnd.

- Fyrsta skref – 12. febrúar 2021
- Annað skref – 3. nóvember 2021
- Þriðja skref – 20. des 2021
- Fjórða skref – 4. nóvember 2022
- Fimmta skref – veturinn 2023-2024

Skólinn náði að uppfylla kröfur fjórða skrefsins þann 4. nóvember 2022. Í því fólst að skólinn setti fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og vinnur nú að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með ýmsu móti. Til dæmis er ætlunin að minnka magn sorps og auka endurnýtingarhlutfall þess, fjölga samgöngusamningum við starfsfólk, minnka kolefnisspor vegna ferðalaga og kolefnisjafna alla losun.

Strax var hafist handa við að innleiða fimmta skrefið en í því felst að skólinn byggir upp eigið umhverfisstjórnunarkerfi. Slíkt kerfi samanstendur af þáttum eins og umhverfis- og loftslagsstefnu, markmiðum og aðgerðaáætlun, fræðslu, hlítinu laga á sviði umhverfismála, skjalfestum verklagsreglum um þessa þætti ásamt eftirfylgni og stöðugri umbótavinnu. Vinna við fimmta skrefið hefur tekið tíma og vonumst við til að ná því á skólaárinu 2023-2024.

Haustið 2022 tók Íslenska gámafélagið við sorphirðu í MH af fyrirtækinu Terra. Það hafði í för með sér breytingar á flokkun rusls og þurfti að uppfæra og aðlaga auglýsingar og fræðsluefni að breyttum veruleika.

4.15 Jafnréttismál

Haustönnin litaðist af umræðu um vanmátt framhaldsskóla til að taka á málum sem snerta einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi, þ.e. svokölluð EKKO-mál. Þessi umræða hófst í MH og þolendur ofbeldis stigu fram og mótmæltu því að þurfa að sitja með gerendum sínum í tímum eða hitta þá á göngum skólans. Mótmælin breiddust út í aðra skóla og haldinn var samstöðufundur fyrir utan MH fyrir alla þolendur ofbeldis. Mikið var um fundi og símtöl er tengdust þessum málum og reyndi mjög á alla, jafnt nemendur sem starfsfólk. Í kjölfarið voru allir ferlar endurskoðaðir í samráði við ráðgefandi sérfræðinga.

Ráðuneyti mennta- og barnamála ákvað í kjölfar umræðunnar í samráði við Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) að skipa vinnuhóp til að vinna leiðbeiningar fyrir framhaldsskóla og verða þær gefnar út í september 2023.

Haustið 2023 tekur til starfa ráðgjafi jafnréttismála í MH. Viðkomandi er nemendum og starfsfólki MH til ráðgjafar og stuðnings. Ráðgjafi jafnréttismála heldur utan um jafnréttisfræðslu fyrir nýnema og útskriftarefni, kemur að stefnumótun skólans í jafnréttismálum og tekur á móti ábendingum og athugasemdum. Nemendur hafa kost á að leita til viðkomandi með tilkynningar í tengslum við ofbeldi, áreitni og óvelkomna hegðun í skólaumhverfinu.

Hnappur var settur á heimasíðu skólans til að tilkynna einelti, ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi (EKKO). Fulltrúi EKKO-teymisins, ásamt rektor og konrektor, fær póstinn þegar hann berst. Einnig var settur hlekkur á heimasíðu skólans sem kallast „Sjúkást – taktu spjallið“ þar sem nemendur geta kynnt sér ýmislegt sem tengist þessum málaflokki.



4.15.1 Jafnréttisnefnd


Störf jafnréttisnefndar skólaárið 2022-2023 voru í höndum jafnréttisfulltrúa og sneru fyrst og fremst að stuðningi og samræðu við nemendur og jafnréttisfélög nemenda (femínista- og hinsegin félögin).

Jafnréttisfulltrúar hafa verið í sambandi við formenn nemendafélaganna og bíða nú hugmynda frá þeim um áframhaldandi samstarf. Tveir nýir jafnréttisfulltrúar hófu störf á tímabilinu og það tók svolítinn tíma fyrir þau að setja sig inn í jafnréttismálin. Jafnréttisfulltrúar hafa unnið í því að búa til leiðbeiningar um jafnrétti í kennslu og hafa í tvígang kallað eftir hugmyndum frá kennurum skólans, án árangurs, og verið í sambandi við aðra skóla til þess að skoða hvernig þessum málum sé háttað þar. Sú vinna verður áframhaldandi á næsta skólaári.

4.15.2 Jafnréttisstuðlar

Töflurnar hér fyrir neðan sýna jafnréttisstuðla miðað við haustið 2023:






4.15.3 Jafnlaunavottun

Menntaskólinn við Hamrahlíð fékk jafnlaunavottun í fyrsta skipti í júní 2020. Vottunin var endurnýjuð í maí 2023 og gildir vottunin til 2026.

Markmið skólans er að starfsfólk óháð kyni njóti sömu launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Á meðal starfsfólks skólans eru einstaklingar sem geta sinnt innri útteknum á kerfinu og erum við lánsöm að þurfa ekki að leita út fyrir vinnustaðinn í því efni.



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

4.16 Skjalamál

MH er afhendingarskyldur aðili og á að skila pappírsskjölum til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri en þegar afhending er rafræn skal skila á 5 ára fresti. Skólinn þarf þó að geta afgreitt sjálfur allar utanaðkomandi beiðnir um afhendingu rafrænna skjala í 25 ár eftir að Þjóðskjalasafn hefur fengið gögnin til varðveislu.

Þau tíðindi urðu í júní 2023 að MH tilkynnti Þjóðskjalasafni um notkun rafræna skjalastjórnarkerfisins GoPro og fékk skólinn samþykkt rafræn skil í framhaldi af því. Gögnum tímabilsins 2018-2023 verður skilað rafrænt í byrjun árs 2024 þegar skjalastjóri hefur lokið vinnu við yfirferð mála og skjala tímabilsins.

Skjalastjóri sat allmarga fundi með fulltrúum nokkurra framhaldsskóla og Þjóðskjalasafns vegna gagna sem geymd eru í Innu. Hópurinn kortlagði Innu, þ.e. gerði lista yfir allt sem Inna geymir og varðar skólalald, starfsfólk, nemendur og námsferla þeirra. Þjóðskjalasafns hyggst svo gefa út reglur um hvað beri að varðveita úr Innu, og skila til Þjóðskjalasafns, og hverju mætti farga. Þegar það er orðið ljóst er líklegt að hver skóli þurfi að tilkynna Innu til Þjóðskjalasafns áður en hægt er að hefjast handa við að skila gögnum úr henni til safnsins.

4.17 Persónuvernd í MH

Persónuverndarfulltrúi MH vann að samningu verklagsreglna um ýmis málefni tengd persónuvernd í samstarfi við persónuverndarfulltrúa nokkurra annarra framhaldsskóla á síðasta skólaári. MH hefur nú gefið út sína útgáfu af þessum reglum og voru þær kynntar starfsfólki og stjórn NFMH í upphafi

haustannar 2022. Reglurnar snerta einkum störf stjórnenda, persónuverndarfulltrúa og starfsfólks á skrifstofu auk forsvarsmanna NFMH. Sem dæmi má nefna verklagsreglu um miðlun persónuupplýsinga, fjölpósta, öryggisbrest og fræðslu fyrir nemendafélög. Persónuverndarfulltrúi bindur vonir við að verklag verði skýrara með tilkomu reglnanna og bæði starfsfólk og forsvarsfólk NFMH verði meðvitaðra um ábyrgð sína, réttindi og skyldur.

Persónuverndarfulltrúi vann með persónuverndarfulltrúum nokkurra annarra framhaldsskóla að svokölluðu mati á áhrifum persónuverndar (MÁP) á þessu skólaári en skólanum ber að framkvæma slíkt mat á vinnslu persónuupplýsinga, bæði nemenda og starfsfólks. Það tókst að ljúka þessari vinnu og persónuverndarfulltrúi vistaði þetta mat í skjalastjórnarkerfi skólans.

5 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert og bæti það sem betur má fara. Sjálfsmatið á að vera ferli sem er virkt allt skólaárið og fylgir ákveðinni áætlun. Sjálfsmatsáætlun skólans hefur ekki verið endurnýjuð í nokkur ár og þarfnast því endurskoðunar. Í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára hefur verkefnalisti verið settur fram og væntanlega væri hægt að vinna sjálfsmatsáætlun upp úr þeim lista.

Áfram þurfum við að hugsa hvernig við getum unnið skýrsluna þannig að hún nýtist okkur sem best. Enn fremur þarf að festa betur í sessi hvaða kannanir eru gerðar og skilgreina tilgang þeirra.

5.1 Verkefni skólaársins 2022-2023

Húsnæði: Laga loft á kennarastofunni og einnig setja ný kynlaus klósett þar. Þetta á að vera tilbúið haust 2022.

Niðurstaða: Loftið var klárað sumarið 2022 og tvö af salernunum voru klárað um miðja haustönnina. Þriðja salernið, sem er fyrir fatlaða, var ekki tilbúið fyrr en um miðja vorönn 2023.

Nýr sálfræðingur: Nýr sálfræðingur tekur við haustið 2022 og verður í skólanum 3 daga í viku.

Niðurstaða: Sálfræðingurinn reyndist vel og þurfti að taka á erfiðum málum með okkur á haustönninni. Fyrirverandi sálfræðingur skólans kom einnig til aðstoðar inn í það verkefni. Haustið 2023 mun nýr sálfræðingur hefja störf við skólann, þar sem sá sem var í vetur fer að starfa sjálfstætt á sálfræðistofu.

Samstarf við heilsugæslu hverfisins: Samstarf hefst við heilsugæslu hverfisins og verður hjúkrunarfræðingur í MH einn dag í viku.

Niðurstaða: Hjúkrunarfræðingurinn var einu sinni í viku allt skólaárið. Haustið 2023 hefst samstarf við Heilsubrú og mun hjúkrunarfræðingur starfa hjá okkur 2 daga vikunnar.

Breytingar í námsveri: Nýr kennari mun hefja störf í námsveri og vera til staðar 8 klukkutíma á viku. Kennarinn er sérhæfður í raungreinum og stærðfræði.

Niðurstaða: Nýi kennarinn í námsverinu reyndist vel og fellur vel inn í hópinn sem þar starfar. Áframhald verður á vinnu kennarans í námsverinu næsta vetur.

Ný fagstjórastaða: Fagstjórn í lífsleikni hefur heyrt undir námstjóra í íslensku og félagsgreinum en frá og með hausti 2022 verður ráðinn sérstakur fagstjóri í lífsleikni. Viðkomandi fagstjóri mun einnig

kenna lífsleikni útskriftarefna sem hingað til hefur verið í höndum rektors. Vænta má ýmissa breytinga og verður gaman að fylgjast með því.

Niðurstaða: Fagstjórn í lífsleikni reyndist vel og gott að dreifa ábyrgð á umsjón með nýnemum yfir á fleiri. Lífsleikni útskriftarefna verður áfram í umsjón fagstjóra í lífsleikni.

Félagslíf nemenda: Félagslífið hjá nemendum hefur legið að stórum hluta niðri og hefðir og venjur lagst af. Eitt af verkefnum næsta skólaárs er að fylgjast vel með því og styðja nemendafélagið til að halda uppi öflugu félagslífi.

Niðurstaða: Ákveðið var að ráða utanaðkomandi aðila í hlutastarf félagsmálafulltrúa til að vera nemendafélagi skólans innan handar. Veturinn 2023-2024 verður einn innanhússfulltrúi og einn utanhúss sem mun jafnframt sjá um forvarnarstarf.

Græn skref. Íslenska gámafélagið tekur við sorphirðu í MH. Það hefur m.a. þau áhrif að flokkun breytist lítillega og því þarf að uppfæra kennslufni og leiðbeiningar um flokkun innanhúss.

Niðurstaða: Yfirfærslan gekk vel og er í góðum farvegi.

Grænu skrefin 5 – klára þau og vinna eftir þeim.

Niðurstaða: Ekki er búið að klára fimmta skrefið en vinna við það er í farvatninu. Vonandi tekst að ljúka þeirri vinnu veturinn 2023-2024.

Grænfánaverkefni: Skólinn er þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar og stefnir skólinn á að fá sinn þriðja fána á vorönn 2023.

Niðurstaða: Þriðji fáninn mun væntanlega nást á haustmánuðum 2023.

Margnota skálar og skeiðar. 30. ágúst 2022 var grautur ausinn í margnota skálar í fyrsta sinn og notkun einnota skála hætt. Verkefni haustsins er að skipuleggja uppvask á þeim og jafnvel fá nemendum í CAS á IB-braut það hlutverk að fylgjast með frágangi skálanna.

Niðurstaða: Einn starfsmaður í ræstingu sá um að vaska skálarnar upp og CAS-nemendur komu ekki inn í verkefnið.

Ytri úttekt. Ytri úttekt verður framkvæmd í október 2022.

Niðurstaða: Ytri úttekt var framkvæmd og má lesa niðurstöður [hér](#).

5.2 Verkefni skólaársins 2023-2024

Nýjar skólasóknarreglur: Fylgjast með og skoða hvernig nýjar reglur virka og hvernig þær reynast.

Matsalan Sómalía: Sumarið 2023 var hafist handa við að búa til framreiðslueldhús á Matgarði og stendur vinna enn yfir í ágúst. Áætluð verklok eru í nóvember.

Jafnréttisráðgjafi: Ný staða haustið 2023 sem við erum mjög spennt að sjá hvað gerir fyrir MH-samfélagið.

Kennsluráðstefna: Kennsluráðstefna verður vor 2024 með nokkrum framhaldsskólum á Reykjavíkursvæðinu.

Endurskoðun samgöngusamninga: Samgöngusamningur sem starfsfólk getur gert miðast við að koma til vinnu með umhverfivænum ferðamáta í 80% tilfella. Verkefni vetrarins er að endurskoða þetta og athuga með að veita hálfan samning.

Lagningardagar: Vorið 2024 er stefnt á að stjórnendur og kennarar skipuleggi lagningardaga og verður áhugavert að sjá hvað verður gert.

Félagsmála- og forvarnarfulltrúi: Utanaðkomandi starfsmaður var ráðinn í starfið og vonumst við til að félagslíf nemenda eflist og samstarf við stjórnendur og foreldra nemenda verði gott.

Stelpur diffra: Forsvarskonur verkefnisins Stelpur diffra (Nanna Kristjánsdóttir) fengu gögn frá skólanum þar sem þær ætla að skoða hversu marga stæðfræðiafanga stelpur í skólanum hafa valið að jafnaði. Við eigum von á því að fá að sjá þessar niðurstöður.

Heimasíða skólans: Vinna er hafin við að uppfæra heimasíðu skólans. Nýr vefur verður vonandi kominn í loftið á haustönn 2023.

60 ára afmæli MH: Hefja þarf undirbúning að 60 ára afmæli skólans.

5.3 Aðgerðaáætlun til næstu ára.

Endurskoðun námsbrauta: Endurskoða námsbrautir með tilliti til umhverfis- og jafnréttismála.

Þjónustukannanir: Leggja kannanir fyrir nemendur á hverri haustönn. Annað hvert ár um stoðþjónustu og hitt árið skrifstofu og stjórnendur.

Skólapúlsinn: Kanna markvisst líðan nemenda á hverju ári í gegnum könnunina Skólapúlsinn.

Endurmenntun kennara og stjórnenda: Hvetja til nýtingar á sjóðum innan skólans til endurmenntunar og nýta tækifæri sem talin eru upp í stofnanasamningi. Senda a.m.k. 3-5 kennara og stjórnendur á IB-námskeið á hverju ári.

Menntabúðir: Halda kennslufræðiráðstefnu með öðrum skólum annað hvert ár. Menntabúðir voru haldnar með Verzlunarskóla Íslands 2022 og stefnt er á námsstefnu vorið 2024 með fleirum.

Tölvur og tækni: Halda áfram að endurnýja tölvukost starfsfólks sem hófst 2021.

Nýtt mötuneyti nemenda: Framkvæmdir við nýtt mötuneyti hófust sumarið 2023.

Endurnýjun húsgagna: Endurnýjun í kennslustofum hófst 2020 og á að ljúka á u.þ.b. fjórum árum. Byrjað er að endurnýja húsgögn í almennum rýmum.

Íþróttahús: Byggja yfir svalir á íþróttahúsi og stækka tækjasal.

Skólahúsið: Viðhald utanhúss er nauðsynlegt og þarf að hefja framkvæmdir sem fyrst. Til dæmis þarf að skipta um glugga í gamla húsinu.

Félagslíf nemenda: Byggja upp félagslíf með nýjum hefðum eftir Covid.

Grænu skrefin 5: Stefnt er á að ljúka þeim á skólaárinu 2023-2024.